

NÁMSVÍSIR

fyrir
starfsmenntun
stuðningsfulltrúa

Framhaldsnám



Janúar 2005

Efnisyfirlit

<i>Forsaga námsins</i>	3
<i>Uppbygging námsins - námskjarnar</i>	5
<i>Framtíðarsmiðja</i>	6
<i>Siðfræði þjónustunnar</i>	6
<i>Árangursrík samvinna</i>	7
<i>Geðsjúkdómar – helstu flokkar og meðferðarúræði</i>	8
<i>Einhverfa</i>	8
<i>Heyrnarskerðing</i>	9
<i>ADL og umferli fyrir blinda og sjónskerta</i>	9
<i>Hreyfihamlanir</i>	10
<i>Ánetjun lyfja og vímuefna</i>	10
<i>Fíkniefni og neysla</i>	11
<i>Öldrun</i>	11
<i>Kynfræði</i>	12
<i>Barna- og unglíngavernd</i>	13
<i>Hjálpartæki</i>	14
<i>Lokaverkefni</i>	15

Forsaga námsins

Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á fyrirkomulagi og eðli þjónustu við fatlaða. Þær eru einkum fólgnar í breytttri hugmyndafræði og viðhorfum til þeirra sem við fötlun búa. Áður fyrr var ekki gert ráð fyrir að fatlaðir hefðu möguleika á að læra og þroskast eins og annað fólk heldur var litið á fötlun sem ástand sem ávallt fylgdi erfiðleikar og vonbrigði en fá tækifæri til þroska og þróunar.

Á áttunda áratug síðustu aldar tóku viðhorf að breytast. Farið var að líta á fatlaða sem fullgilda einstaklinga sem ættu sama rétt til lífsgæða og aðrir þjóðfélagsþegnar. Þessar breytingar leiddu meðal annars til þess að farið var að skoða í ríkari mæli hvernig starfsfólk gæti veitt þá þjónustu sem þessar breytingar gerðu kröfu um. Ýmsir rekstraraðilar í þjónustu við fatlaða fóru að bjóða upp á nám og þjálfun með það að markmiði að auka þekkingu og færni starfsmanna og þannig um leið gæði þjónustunnar.

Á árinu 1993 hófust umræður um nauðsyn þess að samræma námskeiðshald og skilgreina starfsnám í kjarasamningum. Félagsmálaráðuneytið, Starfsmannafélag ríkisstofnana (SFR) og Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra tóku höndum saman og buðu grunnnám og síðar framhaldsnám fyrir starfsfólk á heimilum og stofnunum fyrir fatlaða og fyrir börn og unglunga í vanda. Þau námskeið voru starfrækt um nokkurra ára skeið, eða þar til Þróunar- og símenntunarsjóður SFR yfirtók rekstur þeirra, en umsjón með framkvæmdinni hafði SFR. Nú þegar þessi námsskrá lítur dagsins ljós í maí 2002 er rekstur námskeiðanna og umsjón í höndum Fræðslusetursins Starfsmennt.

Markmið með náminu

Markmiðið með náminu er að auka þekkingu og færni þeirra starfsmanna sem starfa í þjónustu við fatlað fólk á Íslandi. Með því er stuðlað að auknum lífsgæðum fatlaðra á sviði líkamlegrar, efnislegrar, félagslegrar og tilfinningalegrar velliðunar, sem leitt getur af sér virkari þátttöku þeirra í samfélaginu. Með þetta markmið að leiðarljósi er boðið upp á nám sem inniheldur fjölbreytta kennslu og þjálfun á sviði félags-, sálar- og uppeldismála.

Auk annars er lögð áhersla á að;

auka faglega vitund og skilning þeirra starfsmanna sem starfa við að veita fólki með fötlun þjónustu,

styrkja jákvætt viðmót og viðhorf meðal þeirra starfsmanna sem veita fólki sem býr við fötlun þjónustu,

auka almenna og sértæka færni þeirra starfsmanna sem veita fólki sem býr við fötlun þjónustu.

Frá nefnd um endurskoðun námsskrár

Skipulagning og framkvæmd starfsnáms fyrir stuðningsfulltrúa hefur frá upphafi einkennst af miklum metnaði. Meðal annars hefur ætíð verið lögð rík áhersla á að fá kennara til starfa sem hafa mikla og góða þekkingu á því námsefni sem kennt hefur verið. Afar brýnt er að námskeiðin séu sífellt í endurskoðun svo þau séu á hverjum tíma í samræmi við þarfir þeirra sem málið varðar og það hefur verið trú þeirra sem að námskeiðunum hafa staðið að ávinningurinn væri ótvíræður. Bæði birtist hann í aukinni þekkingu og færni stuðningsfulltrúa í starfi, en ekki síður í sjálfsþroska þeirra sjálfra sem auðgað hefur þá og eflt í lífi og starfi.

Í þessum endurskoðaða námsvísi er horft til þeirra breytinga sem orðið hafa á eðli og innihaldi þjónustunnar á undanförunum árum. Forsendur námsins eru betur skilgreindar ásamt því að námsgreinar eru settar í þemaflokka sem draga fram þær áherslur sem í náminu eru. Það er von þeirra sem unnið hafa að endurskoðun þessari að námið verði skilvirkara og mæti enn betur en áður þörfum notenda þjónustunnar.

Nefnd um endurskoðun námsvísisins skipuðu:

Erna Einarsdóttir þroskaþjálfari

Salóme Þórisdóttir þroskaþjálfari

Þór Þórarinsson þroskaþjálfari

Uppbygging námsins - námskjarnar

Kjarni 1 - Grundvallarhugmyndir

Námsgreinar:	kest.
Framtíðarsmiðja	4
Siðfræði þjónustunnar	7
Árangursrík samvinna	10

Kjarni 2 - Manneskjan og þarfir hennar

Geðsjúkdómar	10
Einhverfa	10
Heyrnarskerðing	2
Blinda / sjónskerðing	2
Hreyfihamlanir	2
Ánetjun lyfja og vímuefna	2
Fíkniefni og neysla	2
Öldrun	6
Kynfræði	6

Kjarni 3 - Skipulag þjónustunnar

Barna- og unglingavernd	4
-------------------------	---

Kjarni 4 - Framkvæmd þjónustunnar

Hjálpartæki	5
-------------	---

Lokaverkefni

Lokaverkefni	8 kennslustundir auk heimavinnu
Samtals	80

Leiðarljós í náminu:

- fagleg vitund og skilningur
- jákvætt viðhorf og viðmót
- góð færni og mikla geta

Kjarni 1 - Grundvallarhugmyndir

Framtíðarsmiðja

Stundafjöldi:

4 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur skoði afstöðu sína gagnvart því samfélagi sem þeir lifa í og skoði mismunandi sjónarhorn þeirra sem;

nota þjónustu velferðarsamfélagsins,

veita þjónustu innan þess,

skipuleggja og greiða fyrir þjónustu þess.

Að nemendur skoði hvaða þróun á sér stað á vettvangi velferðarkerfisins sem vísar til framtíðar.

Námsefni:

Fjallað um helstu áskoranir sem velferðarkerfið stendur frammi fyrir í dag. Skoðuð rök og mótrök í þeirri umræðu. Nemendur velta upp hugmyndum og breytingum sem gætu orðið til bóta í starfi þeirra á vettvangi og setja þær í raunhæft samhengi. Lögð áhersla á að nemendur skynji mikilvægi sitt í því að byggja upp öfluga og virka velferðarþjónustu.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Siðfræði þjónustunnar

Stundafjöldi:

7 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur geri sér grein fyrir siðfræði þjálfunar og ákvörðunum er varða daglegt líf, dauða og barneignir. Að þeir hafi skilning á þeim þáttum sem skipta máli þegar leitað er lausna í siðferðilegum álitamálum með notendum þjónustunnar. Að nemendur þekki þau

markmið sem siðfræði nútímans stefnir að og þekki helstu siðfræðikerfin og rök með og á móti við notkun þeirra.

Námsefni:

Siðareglur og markmið þeirra skoðuð og siðferðileg álitamál rædd. Hugtak eins og „sjálfshjálp“ skoðað og hvað það þýðir í reynd í framkvæmd þjónustunnar og samhliða því fjallað um hvaða þættir geta stuðlað að auknum lífsgæðum. Fjallað um samskipti skjólstæðinga, skjólstæðinga og starfsmanna og á milli starfsmanna. Inn í þessa umfjöllun fléttast þau siðferðilegu álitamál sem geta komið upp í félags- og heilbrigðisþjónustu.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á fyrirlögn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Árangursrík samvinna

Stundafjöldi:

10 kennslustundir.

Markmið:

Að auka þekkingu og skilning nemenda á því hvað er góður starfsandi og hvað þarf til að viðhalda honum.

Að nemendur þekki og geti notað nokkur lykilatriði sem líkleg eru til árangurs í samskiptum og samvinnu.

Að nemendur öðlist skilning og þjálfun í að vinna í teymisvinnu.

Að nemendur öðlist færni í að nota aðferðir þar sem ávinningur allra er lykilatriði.

Námsefni:

Fjallað um nokkra þætti sem líklegir eru til að skapa góðan starfsanda á vinnustað. Ýmsir þættir menningar skoðaðir í þessu samhengi. Grunnþættir samskipta teknir til umfjöllunar, svo sem færni í hlustun, ákveðni, að takast á við árekstra og geta leyst verkefni í samvinnu. Einnig fjallað um mikilvægi þess fyrir samvinnu að fólk búi yfir sveigjanleika til þess að takast á við mismunandi aðstæður og geta brugðist við með hagsmuni heildarinnar í huga.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á fyrirlögn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Kjarni 2 - Manneskjan og þarfir hennar

Geðsjúkdómar – helstu flokkar og meðferðarúrræði

Stundafjöldi:

10 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur öðlist skilning og þekkingu á því hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á að fólk veikist af geðsjúkdómum. Að nemendur þekki til helstu flokka geðsjúkdóma og hvernig þeir lýsa sér.

Að nemendur öðlist þekkingu á helstu meðferðarúrræðum sem notuð eru í þjónustu við fólk með geðsjúkdóma, bæði á sjúkrahúsum og í heimahúsum.

Að nemendur öðlist skilning á mikilvægi þess að heildstæðar vinnuaðferðir séu notaðar í þjónustu við fólk með geðsjúkdóma.

Námsefni:

Fjallað um ýmsar orsakir þess að fólk veikist af geðsjúkdómum. Fjallað um geðsjúkdóma út frá mismunandi sjónarhornum, læknisfræðilegum, sálfræðilegum og félagsfræðilegum.

Hin ýmsu meðferðarform kynnt og þau skoðuð í ljósi mismunandi sjúkdóma fólks. Skoðað hvernig aukin meðvitund og skilningur á greiningu og meðferð getur leitt til aukinna lífsgæða þeirra sem búa við geðsjúkdóma.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Einhverfa

Stundafjöldi:

10 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur fái innsýn í eðli einhverfu og áhrifa sem hún og skyldar þroskaraskanir hafa á viðkomandi einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Að

nemendur kynnist mismunandi stefnum og áherslum í þjálfun og meðferð sem eru viðurkenndar í starfi með fólki með einhverfu.

Námsefni:

Farið yfir hugmyndafræði í starfi með einhverfum og algengar raskanir samfara einhverfu kynntar. Fjallað um aðferðir sem byggja á atferlismeðferð, skipulögðum vinnubrögðum og sjónrænum boðskiptum. Sýnd dæmi um hvernig þessar aðferðir eru notaðar í daglegu starfi með fólki með einhverfu og skyldar þroskaraskanir.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á fyrirlögn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Heyrnarskerðing

Stundafjöldi:

2 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur kynnist eðli heyrnarskerðingar/leysis og áhrifum sem það hefur á daglegt líf fólks.

Námsefni:

Fjallað um heyrnarleysi og nemendum kynntir þættir sem auðvelda samskipti þeirra við fólk með heyrnarleysi/skerðingu.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

ADL og umferli fyrir blinda og sjónskerta

Stundafjöldi:

2 kennslustundir.

Markmið:

Að kynna ADL og umferlisþjálfun fyrir blinda og sjónskerta. Að kynna hjálpartæki sem blindir/sjónskertir nota, þar með talinn hvíta stafinn. Að nemendur kynnist leiðsögutækni, það er hvernig maður leiðir blinda/sjónskerta.

Námsefni:

Leiðsögutækni kennd samkvæmt fyrirbyggjandi leiðsagnarefni.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á fyrirlögn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Hreyfihamlanir

Stundafjöldi:

2 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur fái fræðslu um helstu áhrif alvarlegra hreyfihamlana á daglegt líf fólks. Að nemendur kynnist helstu einkennum sem fylgja heilalömun (Cerebral palsy) og annarra algengra hreyfihamlana.

Námsefni:

Fjallað um ýmsar afleiðingar hreyfihamlana, svo sem næringarvandamál, þvagfærasýkingar, tjáningarerfiðleika og fleira. Þá verður rætt um mikilvægi réttrar notkunar hjálpartækja.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á fyrirlögn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Ánetjun lyfja og vímuefna

Stundafjöldi:

2 kennslustundir

Markmið:

Að nemendur öðlist þekkingu á hvaða áhrif og afleiðingar ánetjun hefur á neytandann, fjölskyldu, skóla og nánasta umhverfi.

Kynntar hugmyndir sem uppi eru um eðli og orsakir ánetjunar. Jafnframt eru helstu meðferðarúrræði kynnt. Hin almennu úrræði skoðuð í ljósi þeirra sértæku þarfa sem fólk með fötlun hefur.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Fíkniefni og neysla

Stundafjöldi:

2 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur fái innsýn í hvaða fíkniefni eru algeng hérlandis. Nemendur kynnast á hverju þessi efni þekkjast, hvaða áhrif þau hafa og hvernig bregðast skuli við ef í ljós kemur að skjólstæðingur neytir slíkra efna.

Námsefni:

Fyrirlestur og námsgögn frá Lögreglunni í Reykjavík

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Öldrun

Stundafjöldi:

4 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendum séu kynnt helstu lög og stefnur í málefnum aldraðra, sem og sú þjónusta sem ríki og sveitarfélög veita. Að nemendur þekki öldrunarferlið í stórum dráttum og þær breytingar sem þá eiga sér stað. Einnig að nemendur geri sér grein fyrir þeim mun sem getur verið á öldrun fólks með fötlun og þeirra sem ófatlaðir eru.

Námsefni:

Hvað er líkt og ólíkt við öldrun fatlaðra og ófatlaðra? Áhrif félagslegra þátta eins og starfsloka, missis og breytinga á búsetu. Nemendur velti fyrir sér hvort almenn öldrunarþjónusta mæti þörfum fólks með fötlun og hvort allir hafi greiðan aðgang að henni. Farið í heilsufarsskráningu og hjálpartæki sem koma öldruðu fólki að góðum notum.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Kynfræði

Stundafjöldi:

6 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur öðlist skilning á þörfum fatlaðra fyrir kynlíf. Einnig er fjallað um framkomu og viðhorf starfsmanna í þessum málum.

Námsefni:

Fjallað um þroskaferil einstaklingsins, áhrif fötlunar á kynlíf og hugtök og orð sem skjólstæðingar og starfsmenn nota. Skoðað er mismunandi gildismat, viðhorf og viðbrögð. Fjallað sérstaklega um frávík, sérstök vandamál og meðferðarúræði.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Kjarni 3 - Skipulag þjónustunnar

Barna- og unglíngavernd

Stundafjöldi:

4 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur;

öðlist skilning og þekkingu á helstu ákvæðum barnaverndarlaga,

öðlist skilning á helstu grundvallaratriðum í þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki árangursríkri barnavernd,

fái kynningu á helstu þjónustuúrræðum sem notuð eru í barnavernd í dag,

fái kynningu á barnavernd og hvar hún á sérstaklega við í þjónustu við börn með fötlun.

Námsefni:

Fjallað um helstu markmið og meginreglur í barnaverndarstarfi og hugmyndafræðina sem liggur þar að baki. Kynnt helstu þjónustuúrræði sem notuð eru í barnavernd í dag. Starfsemi Barnaverndarstofu kynnt og þau úrræði sem eru á hennar vegum. Loks verður starfsemi barnaverndarnefnda lýst og ýmis sérstök atriði sem taka þarf tillit til þegar um fötlun er að ræða.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Kjarni 4 - Framkvæmd þjónustunnar

Hjálpartæki

Stundafjöldi:

5 kennslustundir.

Markmið:

Að nemendur fái innsýn í notkun hjálpartækja í starfi með fólki með fötlun.

Námsefni:

Kynnt hjálpartæki fyrir líkamlega fatlað fólk og hvaða leiðir þarf að fara þegar sótt er um hjálpartæki. Skoðaðir möguleikar og gildi hjálpartækja, hvernig þau eru valin og notuð. Kynnt hvernig hægt er að nota hjálpartæki við heimilisstörf, við athafnir daglegs lífs og til tjáskipta. Fjallað um umgengni og hreinlæti tengt hjálpartækjum.

Námsmat:

Námsmat getur byggst á úrlausn verkefna, stuttum prófum eða mati á frammistöðu í tímum.

Lokaverkefni

Lokaverkefni

Stundafjöldi:

8 kennslustundir auk heimavinnu.

Markmið:

Að nemendur vinni verkefni út frá einhverjum þeim námsþáttum sem þeir hafa lagt stund á í grunn- og framhaldsnámi.

Námsefni:

Nemendur velja sér efni til að fjalla um og vinna verkefnið í hópavinnu undir leiðsögn verkefnisstjóra. Skil verkefna verður í 7. og 8. tíma þar sem hóparnir gera grein fyrir verkefnum sínum.

Námsmat:

Verkefnaskil skulu vera í samráði við verkefnisstjóra og í því formi sem hentar hverju verkefni. Gjarnan skal miða við 3 - 5 vélritaðar síður, myndefni, myndbönd, teikningar eða annað form sem hóparnir ákveða.